



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 8. mars 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV og Magnús Barðdal verkefnastjóri fjárfestinga hjá SSNV sátu fundinn undir 1. dagskrálið.

Ólafur Þór Ólafsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 3. dagskrálið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Stefnumótun í atvinnumálum SSNV

Katrín og Magnús frá SSNV fóru yfir stefnumótun í atvinnumálum fyrir sveitarfélagið.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Rekstraryfirlit jan-des 2022 og fjárfestingayfirlit jan-des 2022

Fyrir fundinum lá rekstrar- og fjárfestingayfirlit 2022 sem Ólafur Þór fór yfir og útskýrði. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.

4. Sala fasteigna – Suðurvegur 16

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir lýsti sig vanhæfa og vék af fundi undir þessum lið.

Fyrir fundinum lágu tvö tilboð í fasteign sveitarfélagsins að Suðurvegi 16, fasteignanúmer 2139018.

Fram komin tilboð:

1. Tilboð A – 24,5 mkr.
2. Tilboð B – 27,0 mkr.

Sveitarstjórn fór yfir tilboðin og bar þau upp til atkvæðagreiðslu. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum að ganga að tilboði B.



5. Velferðarstefna Sveitarfélagið Skagaströnd

Fyrir fundinum lágu drög að Velferðarstefnu fyrir sveitarfélagið ásamt viðaukum sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Sveitarstjórn ræddi framlögð drög og samþykkti áframhaldandi vinnslu stefnunnar. Var sveitarstjóra falið að bera stefnuna undir aðra stjórnendur sveitarfélagsins og vinna drögini áfram fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

6. Mannauðsstefna Sveitarfélagið Skagaströnd

Fyrir fundinum lá uppfærð Mannauðsstefna sveitarfélagsins sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Var stefnan lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða af sveitarstjórn eins og hún var lögð fyrir. Var sveitarstjóra falið að birta stefnuna á heimasíðu sveitarfélagsins.

7. Reglur um úthlutun byggingalóða

Fyrir fundinum lágu reglur um úthlutun byggingalóða í sveitarfélagini sem samþykktar voru á fundi sveitarstjórnar þann 14. febrúar 2022. Sveitarstjórn fór yfir reglurnar og lagði til breytingar á gildandi reglum sem varða að tilgreina dagsetningu í reglunum á árlegum auglýsingum lausra byggingalóða. Breytingarnar voru samþykktar samhljóða. Var sveitarstjóra falið að birta reglurnar á heimasíðu sveitarfélagsins.

8. Bréf

a. USAH dags. 30 nóvember 2022

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá USAH að upphæð 450.000 kr. vegna rekstrarársins 2023. Sveitarstjórn fór yfir framlagða beiðni og samþykktir styrk að upphæð 150.000 kr. en beinir því til komandi Ársþings USAH að skoðað verði að nýta þá fjármuni sem til eru hjá félagini til uppbyggingar á starfi aðildarfélaga í sýslunni.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 3. febrúar

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 3. febrúar þar sem farið er yfir álit umboðsmanns Alþingis og úrskurð dómsmálaráðuneytisins vegna ágangs búfjár. Markmið minnisblaðisins er að varpa ljósi á réttarstöðu sveitarfélaga þegar beiðnir um smölun berast sveitarfélögum vegna ágangs búfjár milli landareigna og jafnframt frá afrétti. Var minnisblaðið lagt fram til kynningar.



c. Hafnasamband Íslands dags. 8. febrúar 2023

Fyrir fundinum lá ársreikningur Hafnasambands Íslands sem lagður var fram til kynningar. Athugasemdir við drögin óskast sendar inn fyrir 12. mars nk. Sveitarstjórn fór yfir reikninginn en gerði ekki athugasemdir við innihald hans.

d. Byggðastofnun dags. 10. febrúar 2023

Fyrir fundinum lá erindi Byggðastofnunar þar sem vísað er til erindis sveitarfélagsins frá 2. desember 2022 varðandi beiðni sveitarfélagsins um að virkja ívilnunarheimild 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 í tilviki heilbrigðisstarfsmanna sem starfa á Skagaströnd. Í svari Byggðastofnunar kemur fram að umrædd heimild hafi enn sem komið er ekki verið virkjuð og að ekki liggi fyrir hvaða viðmið og verkferla skuli viðhafa til að ákvæði laganna séu uppfyllt. Fram kemur að heilbrigðisráðherra hafi skipað starfshóp þann 14. desember sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að reglum, viðmiðunum og leiðum til að gera veitendum heilbrigðispjónustu kleift að nýta ákvæði í VII. kafla laga um Menntasjóð sem kveður á um sértækar aðgerðir um sértæka ívilnun námsgreina á sérstökum svæðum. Er það mat Byggðastofnunar að það sé skynsamlegt að efnisleg umfjöllun um erindi sveitarfélagsins fari fram þegar fyrir liggja samþykktar reglur og verkferlar til að virkja lagaheimildina enda ljóst að slíkt er forsenda þess að ráðherra beiti heimildarákvæðinu sem m.a. krefst aðkomu fjárveitingarvaldsins. Var erindið lagt fram til kynningar.

e. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 13. febrúar 2023

Fyrir fundinum lá svar Jöfnunarsjóðs vegna umsóknar úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs í tengslum við aðgengismál fatlaðra en óskað var eftir framlagi vegna framkvæmda við Stjórnsýsluhús sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3. Veittur styrkur nemur 996.343 kr. en heildarkostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar sem um ræðir nemur um 23,0 m.kr. Heildarframlag til Norðurlands vestra er 15.275.198 kr. og er því skipt á milli sveitarfélaga á þjónustusvæðinu eftir íbúafjölda. Var erindið lagt fram til kynningar.

f. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 20. febrúar 2023

Með erindinu er kynnt bókun Samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar sl. þar sem áréttar er mikilvægi þess að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu sé skipt með sanngjörnum hætti milli þeirra aðila sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Var erindið lagt fram til kynningar.



g. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2023

Með erindinu er vakin athygli á að þann 23. mars nk. verði Dagur Norðurlandanna haldinn hátíðlegur. Norræna félagið á Íslandi hvetur sveitarfélög til að taka virkan þátt í þeim norrænu hátíðahöldum sem framundan eru og lýsir yfir áhuga á samstarfi um hugmyndir að viðburðum og uppákomum á þessum degi. Var erindið lagt fram til kynningar.

h. Hugrún Sif Hallgrímsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla A-Hún dags. 23. febrúar 2023

Fyrir fundinum lá minnisblað vegna ástands húsnæðis tónlistarskólans að Húnabraud 26. Í erindinu kemur fram að skólastjóri hafi ekki fengið að sitja stjórnarfund byggðasamlagsins við vinnslu fjárhagsáætlunar og þar með hafi hún ekki haft tækifæri á því að setja nýja stjórn inn í stöðu mála hjá tónlistarskólanum. Í minnisblaðinu lýsir skólastjóri slæmu ástandi húsnæðis tónlistarskólans að Húnabraud 26. Einnig kemur fram að búið sé að kaupa efni til þess að ráðast í úrbætur á húsinu utanhúss til þess að bregðast við leka og rakaskemmdum. Þá hafi síðustu ár verið lagðar til hliðar greiðslur frá aðildarsveitarfélögum til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmdina. Sveitarstjórn ræddi framlagt erindi og tekur undir áhyggjur skólastjóra og telur eðlilegt að boðað verði til stjórnarfundar með skólastjóra tónlistarskólans til þess að fara yfir stöðu mála. Var stjórnarmanni sveitarfélagsins í stjórn tónlistarskólans falið að óska eftir stjórnarfundi vegna málsins.

i. Sýslumannsins á Norðurlandi vestra dags. 14. febrúar 2023

Erla María Lárusdóttir og Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir viku af fundi undir þessum lið.

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra vegna umsóknar um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, veitingaleyfi -E Kaffihús. Umsækjandi er Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir f.h. Menningarmiðju Norðurlands og staðsetning fasteignar er að Hólanesvegi 14. Hámarksfjöldi gesta er 50 manns og afgreiðslu tími áfengis eftirfarandi:

Virka daga frá 18:00-00:00.

Aðfaranætur frídaga frá :18:00-01:00.

Umsögn sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis svo framarlega sem jákvæðar umsagnir annarra umsagnaraðila liggja fyrir.





j. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra dags. 20. febrúar 2023

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi vestra vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Danielu Esmeröldu Ortega f.h. Ocean Cape Cabins að Laufási II á Skagaströnd. Sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokki IV-B stærri gistiheimili. Hámarksfjöldi gesta 18 manns.

Afgreiðslutími áfengis eftirfarandi:

Virka daga frá 16:00-22:00.

Aðfaranætur frídaga frá 16:00-23:00.

Afgreiðslutími útiveitinga:

Virka daga kl. 17:00-20:00.

Aðfaranætur frídaga kl. 17:00-20:00

Umsögn sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis svo framarlega sem nauðsynlegar jákvæðar umsagnir annarra umsagnaraðila liggja fyrir.

k. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2023.

Með erindinu leggur eftirlitsnefnd áherslu á það við sveitarstjórn að nauðsynlegt sé að fara vel yfir fjárhagslegar forsendur sveitarfélagsins til að ná lágmarksviðmiðum eftirlitsnefndar fyrir A-hluta. Var erindið lagt fram til kynningar.

l. Stjórn Foreldrafélags Höfðaskóla dags. 6. mars 2023

Fyrir fundinum lá erindi stjórnar Foreldrafélags Höfðaskóla þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 220.000 kr. til þess að halda sumarhátíð við lok skólans í byrjun sumars. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk.

7. Fundargerðir

a. Stjórnar SSNV dags. 7. febrúar 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b. Hafnar- og skipulagsnefnd dags. 21. febrúar 2023

Fyrir fundinum lá fundargerð hafnar- og skipulagsnefndar frá 21. febrúar 2023.

Undir b. lið var eftirfarandi bókað varðandi staðsetningu á fyrirhugaðri rafhleðslustöð:



Fyrir fundinum lá tillaga að staðsetningu á rafhleðslustöð sem sveitarfélagið fékk styrk frá Orkusjóði til uppsetningar á. Fyrirhuguð staðsetning er á bílaplaní framan við íþróttahús sveitarfélagsins að Bogabraut 2. Nauðsynlegt er að sækja um heimlögnum frá Rarik vegna framkvæmdarinnar en til þess að umsóknin fái afgreiðslu þarf að liggja fyrir einlínnumynd af mælatöflum ásamt afstöðumynd, grummynd og sniði samþykktu af byggingsfulltrúa. Nefndin tók fyrir tillögu að staðsetningu á hleðslustöð og lagði til að skoðað yrði að setja hleðslustöðina frekar upp á lóðinni Oddagötu 2 á norð-austur horni. Var málínu vísað til sveitarstjórnar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn tekur undir að staðsetning á lóðinni að Oddagötu 2 gæti reynst hentugri staðsetning og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram á þeim forsendum. Komi til þess að gera þurfi breytingar á staðsetningu sökum gildandi lóðaleigusamnings samþykkir sveitarstjórn að staðsetningin verði færð á bílaplan hjá íþróttahúsi.

Undir c. lið var eftirfarandi bókað vegna umsókn um iðnaðarlóð:

Fyrir fundinum lá umsókn Snæs ehf. kt. 670717-0380 um iðnaðarlóð að Oddagötu 16 fyrir iðnaðarhúsnaði. Áætlaður byggingatími er 12 mánuðir og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefist í maí 2023. Nefndin fór yfir umsóknina. Samþykkt að úthluta lóðinni í samræmi við framlagða umsókn háð því að framkvæmdir hefist innan árs frá úthlutun og með fyrirvara um að fráveitulögnum sem liggur í gegnum lóðina geti haldið sér. Útbúa þarf lóðarblað og er sveitarstjóra falið að ganga frá því. Umsókn fellur niður einu ári frá dagsetningu úthlutunar ef framkvæmdir eru ekki hafnar og er þá laus til umsóknar að nýju.

Afgreiðsla sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu hafnar- og skipulagsnefndar samhljóða.

c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2023

Fundargerð lögð fram til kynningar.

8. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:56



Halldór G. Ólafsson.

Halldór Gunnar Ólafsson

Erla María Lárusdóttir.

Erla María Lárusdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir.

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Péturína I. Jakobsdóttir.

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

